



Atvinnuveganefnd Alþingis
Nefndasvið Kormákur Axelsson
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 11. nóvember 2020
Tilvísun: 202010-0048/42-1-3 Umsagnir um þingsályktunartillögur
TB
tb

Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um nýtingu þörunga 49. mál.

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 26. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um nýtingu þörunga 49. mál. Markmið tillögunnar er að kanna möguleika á aukinni nýtingu og verðmætasköpun þörunga og að setja í því skyni fram tvíþætta aðgerðaáætlun til að styrkja lagaumgjörð og reglur annars vegar um ráðstöfun og nýtingu þörunga sem vaxa í sjó og hins vegar um þörungaræktun á landi og í sjó. Einnig kemur fram að leita eigi leiða til að tryggja nýtingu þörunga á sjálfbæran hátt.

Beðist er velvirðingar á því að dregist hefur að svara erindinu.

Ekki er langt síðan að lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, var breytt, 2017, vegna fyrirhugaðrar nýtingar á sjávargróðri í Breiðafirði, umfram það sem þá var, sjá m.a. 2. og 3. gr. laganna og **II kafla A. Sjávargróður**. Á þeim tíma lagði Náttúrufræðistofnun til breytingar á fyrrgreindum lögum þar sem stofnunin taldi að lögin litu ekki heildstætt, þ.e. með vistfræðilega nálgun að leiðarljósi, á áhrif af nýtingunni. Lögunum var breytt sem átti að tryggja vistfræðilega nálgun og aðkomu fleiri aðila að ákvarðanatökum, þ.e. annarra en þeirra sem fyrst og fremst litu til nýtingarsjónarmiða, og heildstæðari rannsóknir og vöktun. Í þessu tilfalli var t.d. gert ráð fyrir aðkomu Breiðafjarðarnefndar og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Á þeim tíma var einnig mikil umræða um eignarhald á þangi og þara og hver gæti heimilað nytjar.

Ekki fyrir alls löngu voru lögð fram drög að breytingum á fyrrgreindum lögum, sbr. [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2761](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2761), þar sem búið var að fjarlægja aðkomu fyrrgreindra aðila, sjá meðfylgjandi umsögn Náttúrufræðistofnunar um það mál. Óvíst er af hvaða hvötum þessar breytingar voru lagðar fram en í framangreindu ferli kom greinilega fram óskiljanlegur mótvilji gegn því að t.d. Náttúrufræðistofnun og aðrir kæmu að þessum málum, rétt eins og náttúrunni væri skipt upp í hólf sem ekki hefðu áhrif hvort á annað. Einnig var ekki skilningur á því að lög um t.d. vernd Breiðafjarðar, lög um náttúruvernd og lög um Náttúrufræðistofnun Íslands næðu til sjávargróðurs og annars lífríkis sjávar. Náttúrufræðistofnun hefur t.d. kortlagt fjörur landsins eftir vistgerðum og tekið þátt í rannsóknum vegna nýtingu á þörungum í Breiðafirði. Stofnunin hefur auk þess



haft vilja til að koma á sérstakri vöktun á fjörum með hliðsjón af vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru, sbr. 74. gr. laga um náttúruvernd og tengja það m.a. við 5. mgr. 3. gr. laga um stjórn fiskveiða. Fjármagn hefur ekki verið fyrir hendi til að hrinda þessu í framkvæmd.

Meðfylgjandi eru nokkrar upplýsingar til skýringa á því sem kemur fram hér að framan og varð m.a. til þess að breytingar voru gerðar á lögum um stjórn fiskveiða.

Náttúrufræðistofnun tekur heilshugar undir að það sé ástæða til að kanna bæði lagaumgjörð sem snýr að nýtingu þörungum svo og að kanna þá möguleika sem fyrir hendi eru um nýtingu þeirra og ræktun með sjálfbæra nýtingu að leiðarljósi.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

Meðf: Umsögn Breiðafjarðarnendar dags. 1. mars 2016, Umsögn NÍ dags. 15. mars 2016, Umsögn Hafrannsóknarst. dags. maí 2017. Umsögn NÍ dags 17. maí 2017, Umsögn NÍ 30. maí 2017, Umsögn NÍ 17. septembe 2020.